

**Rekstraruppgjör 2005**  
**Íþróttta- og tómstundasvið**  
**Reykjavíkur**



**Útgefið 9. febrúar 2006**

## Efnisyfirlit

|                                                                            |    |
|----------------------------------------------------------------------------|----|
| Hvernig er uppgjörið unnið .....                                           | 4  |
| Almennt um rekstrarárið.....                                               | 4  |
| Breyting í rekstrarumfangi.....                                            | 4  |
| Breytingar á fjárhagsáætlun.....                                           | 5  |
| Tekjur.....                                                                | 5  |
| Launa og launatengd gjöld (laun, ltgj., fatnaður, bílastyrkur o.fl.) ..... | 6  |
| Innri leiga húsnæðis.....                                                  | 6  |
| Sölustarfsemi .....                                                        | 6  |
| Viðskiptakröfur – afskriftir.....                                          | 7  |
| Ferðakostnaður .....                                                       | 7  |
| Símakostnaður GSM síma .....                                               | 8  |
| Rekstrarleiga .....                                                        | 8  |
| Rekstraryfirlit.....                                                       | 9  |
| Frávikagreining einstakra starfsstaða. ....                                | 13 |
| Yfirlit yfir ferðakostnað ÍTR .....                                        | 20 |
| Yfirlit yfir kostnað vegna GSM síma .....                                  | 21 |

Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur var með starfsemi á 64 föstum starfsstöðvum á árinu 2005. Starfsemi var rekin á 31 starfsstöð sem var í umsjón ÍTR auk 33 starfsstöðva í skólum. Starfsstöðvar ÍTR eru meðal annars frístunda- og félagsmiðstöðvar, Hitt Húsið, sundlaugar, íþróttahús, skíðabrekkur, sparkvellir, þjónustumiðstöð fyrir íþróttasvæði auk Fjölskyldu- og húsdýragarðs. Auk þess rekur ÍTR frístundaheimili fyrir börn í 1. – 4. bekk í skólum borgarinnar ásamt félagsstarfi fyrir unglinga og íþróttastarfsemi fyrir aldraða.

Rekstur ÍTR árið 2005 varð mun betri en gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum stofnunarinnar. Heildarrekstrarniðurstaða er 21.280.622 undir áætlun 3 (að teknu tilliti til bætingar starfsmats og viðbótarlífeyrissjóðsgreiðslna) og eftir að tekið hefur verið tillit til hlutdeildar í kostnaði sem fluttur verður miðlægt til fjármálasviðs í ráðhúsi er rekstur ÍTR 53.772.087 undir áætlun 3. Frá árinu 2004 var fluttur uppsafnaður halli að fjárhæð 92.966.000. Heildarniðurstaða rekstrar er því 71.685.378 yfir ráðstöfunarramma en 39.193.913 að teknu til hlutdeildar í kostnaði sem fluttur verður miðlægt til fjármálasviðs í ráðhúsi. ÍTR hefur því greitt halla fyrri ára niður sem nemur 53,8 m.kr. en markmiðið var að greiða af halla að minnsta kosti 40 m.kr. Gert er ráð fyrir að greiða eftirstöðvar halla á árinu 2006 og 2007. Milli árána 2005 og 2006 verður fluttur afgangur til starfsstaðanna sem nemur 12,2 m.kr. og miðlægt til ÍTR verður fluttur halli að fjárhæð 51,4 m.kr. Er þetta í samræmi við gildandi leikreglu um flutning frávika allt að 5% milli ára hjá einstaka starfsstöðum.

Rekstrarniðurstaða ársins er að mörgu leiti athyglisverð. Miklar breytingar hafa átt sér stað í stjórnendateymi ÍTR og óvissa hefur verið mikil um hverjar endanlegar fjárheimildir yrðu vegna starfsmats og fleiri þátta. Stjórnendur hafa hist á ársfjórðungslega til að fara sérstaklega yfir rekstrarstöðuna og meta til hvaða aðgerða þyrfti að grípa til að markmið um að verða með rekstrarniðurstöðu undir fjárhagsáætlun næðust. Stjórnendur hafa sýnt mikla ábyrgð í rekstri og hollustu við ÍTR. Litið hefur verið á markmið um árangur sem hlutverk allra og að árangur myndi nýtast öllum. Stjórnendur íþróttamála ákváðu að þeir sem myndu skila afgangi myndu greiða halla annarra innan íþróttasviðs áður en afgangur yrði fluttur milli ára.

Ljóst er að til að ná þessum árangri rekstrarlega hefur reynt á víða. Viðhaldi búnaðar og innanstokksmuna var víða frestað, dregið var úr ýmissi þjónustu og rekstri og ekki ráðið í þær stöður sem losna. Ekki er hægt að halda svona stöðu til langs tíma en það er von undirritaðra að sá rekstrarafgangur sem starfsstaðirnir munu flytja með sér verði notaðar til að taka á þeim þáttum sem sátu á hakanum og geta orðið til að koma starfseminni í eðlilegt horf.



Ómar Einarsson  
Sviðsstjóri ÍTR



Skúli Skúlason  
Fjármálastjóri ÍTR

## Hvernig er uppgjörið unnið

Í uppgjörinu er samanburður á milli endurskoðaðrar áætlunar (samþykkt í borgarráði), ráðstöfunarheimilda (að teknu tilliti til yfirfærslu og bætingar vegna kostnaðar við starfsmat og aukins kostnaðar vegna viðbótarlífeyrissjóðsgreiðslna), áætlunar 3 og loks rekstrarniðurstöðu. Í frávikagreiningu er alltaf samanburður milli ráðstöfunarheimilda og rekstrarniðurstöðu þar sem annar samanburður myndi gefa alranga mynd af rekstrarstöðu ÍTR og ekki sýna raunveruleg áhrif á rekstur til framtíðar.

Áætlun 3 er viðmiðunaráætlun þar sem endurskoðuð áætlun (samþykkt í borgarráði) og bæting vegna starfsmats og viðbótarlífeyrissjóðsgreiðslna eru lögð saman til að fá endanlegar fjárheimildir á árinu. Frá áætlun 3 er síðan halli frá fyrra ári dregin frá eða afgangur lagður við til að fá ráðstöfunarheimild.

Aftast í skýrslunni er gerð grein fyrir frávikum allra kostnaðarstaða sem eru með meira en 1% frávik frá ráðstöfunarramma.

Í skýrslunni er fjallað um:

- Breytingar í rekstrarumfangi
- Breytingar á fjárhagsáætlun
- Samanburður áætlunar, ráðstöfunarheimilda og rekstrarniðurstöðu.
- Tekjur
- Laun og launatengd gjöld
- Innri leigu
- Annan rekstrarkostnað
- Sölustarfsemi
- Viðskiptakröfur – afskriftir
- Ferðakostnað
- Símakostnað
- Rekstrarleigu tækja
- Rekstraryfirlit
- Frávikagreiningu einstakra starfsstaða

## Almennt um rekstrarárið

Rekstur ÍTR gekk vel árið 2005 og er niðurstaðan í heild betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Flestir stærri starfsstaðir skila afgangi. Þrjár sundlaugar og Fjölskyldu- og húsdýragarður skera sig þó úr hvað varðar afkomu en þar er rekstrarhalli á árinu.

Mikil óvissa var á árinu varðandi afkomu sundlauga og frístundaheimila þar sem miklar sveiflur voru í launakostnaði vegna breytinga í kjölfar aukins kostnaðar vegna samninga um kaup og kjör. Bæting kom seint í ráðstöfunarramma og stjórnendum var alls ekki ljóst hver kostnaður við starfsmat var í bókum þeirra. Upplýsingar úr launakerfi eru nánast engar eða mjög óaðgengilegar og gerir það stjórnendum afar erfitt fyrir við að meta hvort rauntölur séu í samræmi við áætlanir þeirra sem oftast eru unnar út frá magntölum mannmánaða og yfirvinnutímafjölda niður á verkefni.

Mjög illa að ráða í stöður á frístundaheimilum og var öllum kostnaði haldið niðri þar sem ekki tókst að uppfylla þau þjónustuviðmið sem sett voru í starfsáætlun.

## Breyting í rekstrarumfangi

Sautján frístundaheimili bættust við rekstur ÍTR haustið 2004 og voru 33 heimili í rekstri árið 2005. Þjónusta við félög jókst þar sem fjölgun gervigrasvalla um þrjá, hjá KR, Fylki og Fram, krafðist umsjónar og þjónustu frá þjónustudeild ÍTR. Einnig fjölgaði sparkvöllum í Reykjavík sem hafði í för með sér þjónustu og rekstur vegna þeirra.

## Breytingar á fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun ÍTR tók nokkrum breytingum á árinu 2005. Borgarráð samþykkti eftirfarandi breytingar:

|                                           |                   |
|-------------------------------------------|-------------------|
| • Starfsmat                               | 53.152.000        |
| • Vegna kjaranefndarákvarðana             | 848.000           |
| • Vegna stofnunar símavers                | (1.453.000)       |
| • Vegna stjórnkerfisbreytinga             | 9.253.000         |
| • Atvinnumál ungs fólks                   | 58.482.000        |
| • Vinnumiðlun skólafólks                  | 15.790.000        |
| • Verðbætur byggingastyrkja               | 17.984.000        |
| • Stofnstyrkir (fjárveiting á Eignasjóði) | <u>29.376.000</u> |
| Samtals                                   | 183.432.000       |

### Breytingar á fjárhagsáætlun og rekstrarniðurstaða

| Áætlun 2005   | Endursk. áætlun | Ráðstöfunarrámmi | Rekstrarniðurstaða |
|---------------|-----------------|------------------|--------------------|
| 3.169.735.000 | 3.353.167.000   | 3.309.773.000    | 3.381.458.378      |

Uppsafnaður halli ÍTR sem færður var milli ára var 92.966.000. Kostnaður vegna starfsmats og hækkunar greiðslna í viðbótarlífeyrissjóð starfsmanna nam á árinu 49.572.000 og er sá kostnaður fluttur miðlægt hjá fjármálasviði Reykjavíkurborgar við uppgjör. Að teknu tilliti til þessara tveggja þátta er ráðstöfunarheimild ÍTR árið 2005 3.309.773.000.

Eftirtalin kostnaður hefur verið færður til gjalda hjá ÍTR en mun við yfirfærslu við uppgjör verða færður til gjalda miðlægt hjá fjármálasviði Reykjavíkurborgar. Ekki var áætlað fyrir þessum kostnaði hjá ÍTR og gert ráð fyrir því að kostnaðurinn yrði fluttur miðlægt.

|                                                      |                   |
|------------------------------------------------------|-------------------|
| • Húsaleiga í Þróttheimum                            | 6.770.976         |
| • Innri leiga búnaðar                                | 4.809.630         |
| • Umframkostnaður vegna stofnstyrkja                 | 9.744.192         |
| • Breyting á húsnæði Hins Hússins v. Símafers        | 6.500.000         |
| • Aukafjárveiting v. lengdrar viðveru fatlaðra barna | <u>4.666.667</u>  |
|                                                      | <u>32.491.465</u> |

**Nettó rekstrarniðurstaða ÍTR er því 3.348.966.913.**

**Heildarfrávik í rekstri ÍTR (án kostnaðar sem fluttur verður miðlægt) árið 2005 eru 39.193.913 í halla.** ÍTR hefur því greitt uppsafnaðan halla niður um 53.772.087 en markmið ÍTR var að greiða hallan niður um að minnsta kosti 40.000.000.

## Tekjur

| Áætlun 2005 | Endursk. áætlun | Ráðstöfunarrámmi | Rekstrarniðurstaða |
|-------------|-----------------|------------------|--------------------|
| 796.933.000 | 893.668.000     | 894.884.000      | 912.833.061        |

Niðurstaða tekna er 17.949.061 hærri en gert var ráð fyrir í ráðstöfunarrámma og 115.900.061 hærri en í fjárhagsáætlun. Tekjur vegna verkefna sem ekki er sérstök fjárveiting fyrir í áætlun ÍTR eru birtar í tekjustöðu. Dæmi um slík verkefni eru verkefni í Hinu húsinu, frístundaheimili, Vinnumiðlun ungs fólks, rekstur skrifstofu UFE – Ungt fólk í Evrópu, Evrópuverkefni Leonardo, íþróttahús KHÍ, heilsuborgarverkefni og húsaleigu- og æfingastyrkir.

## Launa og launatengd gjöld (laun, ltgj.)

| Áætlun 2005   | Endursk. áætlun | Ráðstöfunarrammi | Rekstrarniðurstaða |
|---------------|-----------------|------------------|--------------------|
| 1.473.237.000 | 1.688.975.832   | 1.705.337.500    | 1.677.946.521      |

Niðurstaða launakostnaðar og tengds kostnaðar er 27.390.979 lægri en gert var ráð fyrir í ráðstöfunarramma.

Á árinu 2005 kom til framkvæmda leiðrétting vegna starfsmats skv. ákvæðum kjarasamninga. Mikil óvissa var meðal stjórnenda um fjárheimildir og kostnað vegna starfsmats. Olli þessi óvissa því meðal annars að stjórnendur drógu ósjálfrátt úr þjónustustigi og dregið var úr launakostnaði þar sem ekki lá ljóst fyrir hver endanleg áætlun yrði, ráðningum var frestað og ekki ráðist í stærri verkefni.

## Innri leiga húsnæðis

| Áætlun 2005 | Endursk. áætlun | Ráðstöfunarrammi | Rekstrarniðurstaða |
|-------------|-----------------|------------------|--------------------|
| 668.325.000 | 668.316.000     | 668.316.000      | 690.138.992        |

Niðurstaða kostnaðar vegna innri leigu fasteigna frá Fasteignastofu er 21.882.992 hærri en áætlað var. Þetta er vegna húsaleigu á félagsmiðstöðinni Þróttheimum að fjárhæð 6.770.976 en lengi hefur staðið til að selja húsið og því ekki verið áætlað fyrir leigu hjá ÍTR. Kostnaður vegna þessarar leigu mun flytjast til fjármálasviðs. Vanáætlað var fyrir leigukostnaði gervigrasvalla félaga að fjárhæð 15.112.016.

## Annar rekstrarkostnaður

| Áætlun 2005   | Endursk. áætlun | Ráðstöfunarrammi | Rekstrarniðurstaða |
|---------------|-----------------|------------------|--------------------|
| 1.825.106.000 | 1.889.543.168   | 1.923.969.500    | 1.926.205.926      |

Undir liðnum annar rekstrarkostnaður hefur verið fært til gjalda hjá ÍTR:

|                                                      |                   |
|------------------------------------------------------|-------------------|
| • Húsaleiga í Þróttheimum                            | 6.770.976         |
| • Innri leiga búnaðar                                | 4.809.630         |
| • Umframkostnaður vegna stofnstyrkja                 | 9.744.192         |
| • Breyting á húsnæði Hins Hússins v. Símafers        | 6.500.000         |
| • Aukafjárveiting v. lengdrar viðveru fatlaðra barna | 4.666.667         |
|                                                      | <u>32.491.465</u> |

Samtals er hér um að ræða gjaldfærðan kostnað að fjárhæð 32.491.465 sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun ÍTR. Verður þessi kostnaður færður miðlægt hjá fjármálasviði í ráðhúsi við yfirlæslu við uppgjör.

Annar rekstrarkostnaður (án ofangreinds kostnaðar) varð 1.893.714.461 eða 30.255.039 lægri en ráðstöfunarrammi. Megin skýringar eru mikið aðhald vegna áður uppsafnaðs halla.

## Sölustarfsemi

Á mörgum starfsstöðum ÍTR eru starfræktar sölubúðir í einhverju formi. Í félagsmiðstöðvum er um litlar rekstrareiningar að ræða sem velta litlum fjárhæðum en í sundlaugum, Ylströnd og Fjölskyldu- og húsdýragarði er um verulega veltu að ræða sem skiptir miklu máli í fjármögnun starfseminnar. Heildarvelta í þessari starfsemi hjá ÍTR var á árinu 2005 samtals 85.029.000 án virðisaukaskatts og er það aukning um 7,7% milli ára. Þar af var velta í sundlaugum, Ylströnd og Fjölskyldugarði 82.897.000 án virðisaukaskatts og er það aukning um 9,2% milli ára..

Ljóst að þessi þáttur rekstrarins skiptir viðkomandi starfsstaði og ÍTR verulegu máli við fjármögnun starfseminnar. Mikilvægt er að vera með skýr markmið með rekstrinum. Stjórnendur sundlauganna

settu sér það markmið fyrir árið 2005 að vera með 50% álagningu út úr sölustarfseminni. Einungis tvær sundlaugar náðu markmiðinu og mun fjármáladeild ÍTR gera úttekt á ástæðum þess. Í töflunni hér að neðan má sjá afkomu sölubúða á árinu 2005.

| Þús.kr.         | Árb.laug      | Breiðh.laug  | Grafav.laug   | Laugard.l     | Sundhöll   | Vestb.laug   | Ylströnd     | Fjsg.garður   |
|-----------------|---------------|--------------|---------------|---------------|------------|--------------|--------------|---------------|
| <b>Sala</b>     | <b>16.643</b> | <b>3.252</b> | <b>10.517</b> | <b>18.425</b> | <b>610</b> | <b>1.271</b> | <b>3.113</b> | <b>28.992</b> |
| Birgðir 1/1     | 981           | 309          | 324           | 932           | 103        | 247          | 0            | 1.581         |
| Innkaup         | 9.771         | 2.260        | 6.853         | 13.208        | 510        | 920          | 1.840        | 14.802        |
| Birgðir 31/12   | -258          | -259         | -299          | -746          | -101       | -115         | 0            | -611          |
| <b>KSV</b>      | <b>10.494</b> | <b>2.310</b> | <b>6.878</b>  | <b>13.394</b> | <b>512</b> | <b>1.052</b> | <b>1.840</b> | <b>15.772</b> |
| <b>Álagning</b> | <b>6.149</b>  | <b>942</b>   | <b>3.639</b>  | <b>5.031</b>  | <b>98</b>  | <b>219</b>   | <b>1.273</b> | <b>13.220</b> |
| Álagning % '05  | 58,6%         | 40,8%        | 52,9%         | 37,6%         | 19,1%      | 20,8%        | 69,2%        | 83,8%         |
| Álagning % '04  | 46,1%         | 45,8%        | 40,7%         | 27,8%         | 44,9%      | 31,6%        | 79,2%        | 69,9%         |
| Álagning % '03  | 52,5%         | 19,8%        | 47,9%         | 33,7%         | 55,6%      | 55,6%        | 59,1%        | 81,0%         |

Það sem helst vekur athygli er að afkoman í Breiðholtslaug, Sundhöll, Vesturbæjarlaug og Ylströnd versnar frá árinu 2004 þrátt fyrir skýrt markmið um að auka framlegð.

## Viðskiptakröfur – afskriftir

Í árslok 2005 voru ógreiddar viðskiptakröfur 2.359 að verðmæti 45.416.604. Skipting krafanna er eftirfarandi:

| Ár            | Fjöldi | Höfuðstóll |
|---------------|--------|------------|
| 2002 og eldri | 43     | 2.761.230  |
| 2003          | 176    | 1.146.133  |
| 2004          | 312    | 4.037.057  |
| 2005          | 1.828  | 37.472.184 |

Elstu kröfurnar hafa verið í lögfræðinnheimtu og telja verður líkur á heimtum vegna þeirra litlar. Flestar viðskiptakröfur sem eru í vanskilum eru vegna frístundaheimila. Hæstu kröfurnar eru vegna leigu á Laugardalshöll til tónleikahalds sem er ekki lengur í rekstri ÍTR. Algengasta fjárhæð krafna hjá ÍTR var 7.150.

Í árslok 2005 voru samtals verðmæti afskrifta á viðskiptakröfur 1.757.116. Beinar afskriftir voru 2.239.486 og var um að ræða endursendar kröfur frá lögfræðingi eftir árangurslaust fjárnám eða viðkomandi kröfur töldust ekki innheimtanlegar af öðrum ástæðum. Óbeinar afskriftir vegna frístundaheimila í árslok 2004 voru 2.040.016 sem er verðmæti krafna sem vísað hafði verið í kröfuvakt Intrum. Í kröfuvakt Intrum í árslok 2005 voru kröfur að verðmæti 1.557.646 og því var óbein afskrift lækkuð um 482.370.

## Ferðakostnaður

Samtals voru farnar í tengslum við starfsemi ÍTR 43 ferðir erlendis. Í þessum ferðum voru samtals 241 ferðadagur og 145 ferðalangar. Bókfærður nettókostnaður eftir að tekið hefur verið tillit til styrkja er 7.000.204 og skiptist hann þannig:

|                                          |           |
|------------------------------------------|-----------|
| • Ferðir erlendis                        | 2.735.807 |
| • Móttaka erlendra gesta                 | 387.299   |
| • Heilsuborgarverkefni                   | 2.074.667 |
| • Ferðir innanlands                      | 317.832   |
| • Ungt Fólk í Evrópu (samstarfsverkefni) | 1.484.599 |

## Símakostnaður GSM síma

Samtals eru 154 GSM símanúmer á skrá hjá ÍTR. Unnið hefur verið að gerð samninga um hámarkskostnað ÍTR vegna símakostnaðar m.v. þriggja mánaða meðalnotkun. Um áramót höfðu verið gerðir 84 samningar og ólokið var samningum um 63 símanúmer. Sjö númer hafa verið sett í geymslu.

Heildarkostnaður vegna GSM símanotkunar á árinu var 5.773.943. Kostnaður vegna 38 símanúmera er hærri en samningsviðmið kveða á um og er umframkostnaður samtals 238.968.

## Rekstrarleiga

Á vegum ÍTR eru í árslok fimm bifreiðar/tæki í rekstrarleigu og ein á fjármögnunarleigu. Skuldbinding vegna bifreiða/tækja í rekstrarleigu er 8.017.865 út samningstíma þeirra og skuldbinding vegna fjármögnunarleigu er (34% af leigugjaldi á móti 66% skíðasvæðanna) 897.850. Heildarskuldbinding vegna leigu bifreiða og tækja er:

|                                                                 |                                 | Fast nr. | Skrán.<br>dagur | Samn.-tími<br>til | Fj. mán.<br>eftir af<br>samningi | Gr. á mán.     | Heildar-<br>skuldb. |
|-----------------------------------------------------------------|---------------------------------|----------|-----------------|-------------------|----------------------------------|----------------|---------------------|
| <b>Hengill</b>                                                  |                                 |          |                 |                   |                                  |                |                     |
| Ingvar Helgason                                                 | Nissan Dobl cap                 | US 679   | 12.03           | 03.01.07          | 12                               | 42.995,-       | 515.938             |
| <b>Þjónustudeild</b>                                            |                                 |          |                 |                   |                                  |                |                     |
| Ingvar Helgason                                                 | Nissan Navara                   | ZS 878   | 11.05           | 03.01.09          | 36                               | 49.856,-       | 1.794.816           |
| MHG verslun                                                     | Custmann Turf 26 hp<br>vinnuvél | IB0560   | 06.05           | 14.06.12          | 78                               | 47.758,-       | 3.725.124           |
| <b>Skrifstofa F-11</b>                                          |                                 |          |                 |                   |                                  |                |                     |
| P. Samúelsson                                                   | Toyota Yaris                    | AZ 096   | 08.04           | 03.10.07          | 21                               | 22.551         | 473.571             |
| <b>Starfsemi f. fatlaða</b>                                     |                                 |          |                 |                   |                                  |                |                     |
| Bifreiðar og<br>landbúnaðav.                                    | Renault Trafic                  | ZT 729   | 04.05           | 05.05.08          | 28                               | 53.872         | 1.508.416           |
| Samtals skuldbinding vegna rekstrarleigu                        |                                 |          |                 |                   | 175                              | 217.032        | 8.017.865           |
| <b>Skuldbinding vegna fjármögnunarleigu</b>                     |                                 |          |                 |                   |                                  |                |                     |
| <b>Brúðubíll – Skíðavæði</b>                                    |                                 |          |                 |                   |                                  |                |                     |
| Brimborg                                                        | Ford Transit                    | EB 249   | 01.02           | 14.03.2010        | 50                               | 17.957         | 897.850             |
| <b>Heildarskuldbinding vegna rekstrar- og fjármögnunarleigu</b> |                                 |          |                 |                   | <b>225</b>                       | <b>234.989</b> | <b>8.915.715</b>    |

# **Rekstraryfirlit**







## Frávikagreining einstakra starfsstaða.

### I2000 – Skrifstofa ÍTR

Rekstrarniðurstaða Skrifstofu ÍTR varð 3.326.455 (3,5%) hærri en ráðstöfunarrámmi. Skýringin felst mest í hærri launakostnaði vegna vinnu við leiðréttingar í launakerfi í kjölfar starfsmats og áhrifa kjarasamninga.

### I2010 – Kynningar- og markaðsmál

Rekstrarniðurstaða Kynningar- og markaðsmála varð 1.642.435 (14,9%) hærri en ráðstöfunarrámmi. Tekjur eru um 2 m.kr. lægri en áætlað var.

### I2053 – Vinnumiðlun ungs fólks

Rekstrarniðurstaða Vinnumiðlunar ungs fólks varð 2.031.647 (11,3%) lægri en ráðstöfunarrámmi. Skýringin felst í að uppsetning gagnagrunns og rafrænnar skráningar tók lengri tíma en áætlað var og mun hluti af áætluðum kostnaði falla á árið 2006. Vinnumiðlun ungs fólks annast ráðningar á sumarfólki fyrir stofnanir borgarinnar, bæði þær sem eru fjármagnaðar innan fjárhagsramma viðkomandi stofnana og með aukafjárveitingu borgarráðs til sérstakra ráðninga skólanema sem sumarið 2005 nam 120 m.kr.

## Tómstundamál

Í heild var rekstur tómstundamála 53.136.767 (6,1%) lægri en ráðstöfunarrámmi. Rekstur frístundaheimila er 14.449.093 (4,7%) lægri en ráðstöfunarrámmi.

Stjórnendur hafa rekið starfsemi sína af sérstaklega mikilli ábyrgð og hollustu við stofnunina. Nær allir starfshættir tómstundamála eru undir ráðstöfunarrámma. Tvær megin ástæður eru fyrir því að tómstundamál eru svo mikið undir ráðstöfunarrámma. Mikil óvissa var meðal stjórnenda um endanlegar fjárheimildir vegna sífelldra breytinga á fjárhagsáætlun vegna starfsmats og fleiri þátta. Nokkuð var um nýja stjórnendur auk þess sem ekki tókst að halda uppi áætluðu þjónustustigi í frístundaheimilum.

### I3010 – I3013 – Frístundamiðstöðin Miðberg

Rekstrarniðurstaða þeirrar starfsemi sem heyrir undir Frístundamiðstöðina Miðberg (annarrar en frístundaheimila) varð 9.244.433 (9,9%) lægri en áætlun 3 og 7.250.433 (8,0%) lægri en ráðstöfunarrámmi. Halli fluttur frá fyrra ári var 1.994.000.

Stærstu frávikin eru í launakostnaði en launakostnaður varð 9,5 m.kr. lægri en áætlað var.

Uppsafnaður afgangur er komin yfir 5% viðmiðunarmörk og mun starfsstaðurinn flytja með sér frávik sem nemur 5% af áætlun 3. Frávik umfram 5% flytjast miðlægt hjá ÍTR.

Megin frávik felast í mun lægri launakostnaði en gert var ráð fyrir í ráðstöfunarrámma. Nýr forstöðumaður var ráðinn til starfa í upphafi árs og gerði hann skipulagsbreytingar bæði á vetrar- og sumarstarfi sem leiddi til sparnaðar. Dregið var úr kostnaði vegna ferða og erlendu samstarfi. Endurnýjun búnaðar var frestað til að tryggja að markmiðum um að skila afgangi yrði náð.

### I3020 – I3024 – Frístundamiðstöðin Tónabær

Rekstrarniðurstaða þeirrar starfsemi sem heyrir undir Frístundamiðstöðina Tónabæ (annarrar en frístundaheimila) varð 2.617.809 (2,6%) lægri en áætlun 3 og 7.728.809 (7,3%) lægri en ráðstöfunarrámmi. Afgangur fluttur frá fyrra ári var 5.111.000.

Stærstu frávikin eru í launakostnaði en launakostnaður varð 3,2 m.kr. lægri en áætlað var.

Uppsafnaður afgangur er komin yfir 5% viðmiðunarmörk og mun starfsstaðurinn flytja með sér frávik sem nemur 5% af áætlun 3. Frávik umfram 5% flytjast miðlægt hjá ÍTR.

Nýr forstöðumaður og nýr rekstrarstjóri komu til starfa í borgarhluta 2 haustið 2005. Óvissa um bætingu aukins kostnaðar vegna launatengdra gjalda og skipulagsbreytingar í starfseminni skiluðu sér í lægri kostnaði auk þess sem óvissa um endanlegar fjárheimildir lágu seint fyrir.

#### **I3040 – I3043 – Frístundamiðstöðin Ársel**

Rekstrarniðurstaða þeirrar starfsemi sem heyrir undir Frístundamiðstöðina Ársel (annarrar en frístundaheimila) varð 8.150.879 (13,5%) lægri en áætlun 3 og 5.314.879 (9,2%) lægri en ráðstöfunarrámmi. Halli fluttur frá fyrra ári var 2.836.000.

Stærstu frávikin eru að tekjur eru 1,5 m.kr. hærri en áætlað var og almenn rekstrargjöld eru um 8 m.kr. lægri en áætlað var.

Uppsafnaður afgangur er komin yfir 5% viðmiðunarmörk og mun starfsstaðurinn flytja með sér frávik sem nemur 5% af áætlun 3. Frávik umfram 5% flytjast miðlægt hjá ÍTR.

Óvissa um bætingu aukins kostnaðar vegna launatengdra gjalda, halli frá fyrra ári og að óvissa um endanlegar fjárheimildir lágu seint fyrir höfðu þau áhrif að kostnaði haldið niðri og dregið úr starfsemi.

#### **I3050 – I3053 – Frístundamiðstöðin Frostaskjól**

Rekstrarniðurstaða þeirrar starfsemi sem heyrir undir Frístundamiðstöðina Frostaskjól (annarrar en frístundaheimila) varð 9.391.382 (19,6%) lægri en áætlun 3 og 9.290.382 (19,5%) lægri en ráðstöfunarrámmi. Halli fluttur frá fyrra ári var 101.000.

Stærstu frávikin eru að launakostnaður varð 6 m.kr. lægri en áætlað var og almennur rekstrarkostnaður var 3,3 m.kr. lægri en áætlað var.

Uppsafnaður afgangur er komin yfir 5% viðmiðunarmörk og mun starfsstaðurinn flytja með sér frávik sem nemur 5% af áætlun 3. Frávik umfram 5% flytjast miðlægt hjá ÍTR.

Markmið stjórnenda var að gæta ítrasta hagræðis í samræmi við beiðnir um aðhald vegna uppsafnaðs miðlægs halla hjá ÍTR. Dregið var úr þjónustu í sumarstarfi, ekki var ráðið í sumarleyfi og ekki var ráðið í stað starfsmanna sem fóru í launalaust leyfi. Samnýting starfsmanna tókst vel. Viðhaldi fasteigna, áhalda og búnaðar hefur lítið verið sinnt af ofangreindum ástæðum og þjónustustig hefur dregist saman.

#### **I3090 – I3093 – Frístundamiðstöðin Gufunesbær**

Rekstrarniðurstaða þeirrar starfsemi sem heyrir undir Frístundamiðstöðina Gufunesbær (annarrar en frístundaheimila) varð 5.009.115 (5,7%) lægri en áætlun 3 og 5.124.115 (5,8%) lægri en ráðstöfunarrámmi. Afgangur fluttur frá fyrra ári var 115.000.

Stærstu frávikin eru að launakostnaður varð 9,9 m.kr. lægri en áætlað var og almennur rekstrarkostnaður 4,2 m.kr. hærri en áætlað var.

Vegna óvissu í fjárveitingum og kostnaðaráhrifa starfsmats héldu stjórnendur að sér höndum. Dregið var úr félags- og tómstundastarfi í skólum og sumarstarfi. Einnig var viðhaldi búnaðar og tækja frestað.

#### **I3510 – Félagsstarf í hverfum**

Rekstrarniðurstaða þeirrar starfsemi sem heyrir undir Félagsstarf í hverfum varð 3.536.968 (38,9%) hærri en áætlun 3 og 590.968 (4,9%) hærri en ráðstöfunarrámmi. Afgangur fluttur frá fyrra ári var 2.946.000.

Skrekkur, hæfileikakeppni ÍTR, var haldin í tvígang á árinu 2005 vegna verkfalls grunnskólakennara á haustönn 2004. Tæpar 3 m.kr. voru fluttar milli áranna 2004 og 2005 vegna þessa. Ekki náðist í kostunararaðila á fyrri Skrekk árið 2005 og því féll meiri kostnaður á ÍTR.

#### **I3880 - Sumargrín**

Rekstrarniðurstaða þeirrar starfsemi sem heyrir undir Sumargrín varð 1.414.302 (10,0%) hærri en ráðstöfunarrámmi.

Aðhalds var gætt í ráðningum starfsmanna og efnis- og tækjakaupum. Ekki var tekin á leigu bílaleigubíll eins og gert hafði verið undangengin ár.

#### **I4000 – Hitt húsið**

Rekstrarniðurstaða þeirrar starfsemi sem heyrir undir Hitt Húsið varð 3.545.264 (4,8%) lægri en áætlun 3 og 2.696.264 (3,7%) lægri en ráðstöfunarrámmi. Halli fluttur frá fyrra ári var 849.000.

Í gjaldfærslum á kostnaðarstaðinn I4005 er kostnaður vegna verkefnisstjóra í verkefninu Total counseling sem lauk í upphafi árs 2005 að fjárhæð 1,9 m.kr. sem réttilega hefði átt vera gjaldfært á kostnaðarstað I4000.

#### **I4005 – Atvinnu- og forvarnarverkefni**

Rekstrarniðurstaða þeirrar starfsemi sem heyrir undir Atvinnu- og forvarnarverkefni varð 2.562.224 (20,5%) hærri en áætlun 3 og 1.424.224 (10,4%) hærri en ráðstöfunarrammi. Afgangur fluttur frá fyrra ári var 1.138.000.

Lokagreiðsla vegna styrkja við verkefni er óinnheimt og koma um 300.000 til greiðslu á árinu 2006. Verkefnið Total counseling varð dýrara en gert var ráð fyrir, m.a. vegna gengistaps við yfirfærslu styrkja, og er það ástæða frávika í rekstri.

#### **I5300 – Siglingar í Nauthólsvík**

Rekstrarniðurstaða Siglinga í Nauthólsvík varð 2.014.903 (10,6%) lægri en ráðstöfunarrammi.

Dregið var úr starfsemi og var meðal annars hætt við ævintýranámskeið unglinga.

#### **I7100 - Frístundaheimili**

Rekstrarniðurstaða þeirrar starfsemi sem heyrir undir Frístundaheimili varð 14.449.093 (4,7%) lægri en ráðstöfunarrammi.

Á haustönn gekk afar erfiðlega að ráða fólk til starfa. Þjónustustig var frá 74% af áætluðum fjölda barna í byrjun hausts og síðan gekk misjafnlega að manna heimilin allt til áramóta. Kostnaður vegna stuðnings við fötluð börn er um 20 m.kr. hærri en áætlað var og er það í höndum skólanna að ákvarða greiningu barna. Barn sem fær stuðning í skóla skal einnig fá stuðning í frístundaheimili og er því kostnaðarmyndun vegna stuðnings í raun ekki í hendi ÍTR.

## **Íþróttamál**

Í heild var rekstur íþróttamála 1.789.723 (0,2%) lægri en ráðstöfunarrammi. Tekjur í sundlaugum urðu 20 m.kr. lægri en áætlað var og tókst stjórnendum að bregðast við með því að draga verulega úr rekstrarkostnaði með endurskipulagningu. Áætlað var að 1.840.000 gestir kæmu í sundlaugarnar en niðurstaðan varð um 1.810.000 gestir. Fækkun varð í öllum laugum nema Laugardalslaug sem bætti við sig gestum. Mikill viðsnúningur hefur orðið í rekstri íþróttamannvirkja miðað við fyrri ár. Byggir það á árangri mikillar samvinnu stjórnenda sundlauga, skýrari markmiðasetning og endurskoðun á grundvelli áætlanagerðar.

Íþróttahús og –svæði koma nokkuð vel út í heildina.

Starfsstaðir íþróttasviðs fluttu ekki með sér frávik milli ára þannig að miðað er við áætlun 3 í frávikagreiningu.

#### **I5000 - Laugardalslaug**

Rekstrarniðurstaða Laugardalslaugar varð 3.334.648 (1,8%) lægri en ráðstöfunarrammi.

Tekjur urðu um 4 m.kr. hærri en áætlað var vegna aukningar í sölu 10 miða korta og staks aðgangs að laug. Launakostnaður varð hærri en áætlað var vegna yfirvinnukostnaðar vegna veikinda og álags yfir sumartímann. Dregið var úr öðrum rekstrarkostnaði eins og kostur var til að bregðast við hærri launakostnaði og til að mæta uppsöfnuðum halla stofnunarinnar í heild. Gestum fjölgaði um 77.261 frá árinu 2004.

#### **I5010 - Vesturbæjarlaug**

Rekstrarniðurstaða Vesturbæjarlaugar varð 1.238.441 (4,8%) hærri en ráðstöfunarrammi.

Tekjur urðu um 1,1 m.kr. lægri en áætlað var. Vesturbæjarlaug er lítill starfsstaður þar sem á hverjum vaktþósti er aðeins einn starfsmaður. Forföll starfsmanna krefjast aukamönnunar þar sem sveigjanleiki til að samnýta og færa til starfsfólk er afar takmarkaður. Frávikin skýrast nær eingöngu af fækkun gesta en gestum fækkaði um 14.238 frá árinu 2004.

#### **I5020 - Sundhöll**

Rekstrarniðurstaða Sundhallar varð 3.232.326 (7,6%) hærri en ráðstöfunarrámmi.

Tekjur urðu 1,1 m.kr. lægri en áætlað var. Almennur rekstrarkostnaður varð 2,7 m.kr. hærri en áætlað var.

Rekstur Sundhallar hefur oft verið erfiður. Næmni gagnvart breytingu í aðsókn er mjög mikil og smávægilegar breytingar í rekstrarforsendum koma oft hart niður. Stærstur hluti rekstrarkostnaðar er fastur kostnaður sem erfitt er að hnika, og starfsmannahald í algeru lágmarki. Gestum fækkaði um 19.943 frá árinu 2004.

#### **I5030 - Breiðholtslaug**

Rekstrarniðurstaða Breiðholtslaugar varð 3.582.530 (5,4%) hærri en ráðstöfunarrámmi.

Tekjur urðu 4 m.kr. lægri en áætlað var. Launakostnaður varð 1,9 m.kr. hærri en áætlað var og almennur rekstrarkostnaður varð 2,7 m.kr. hærri en áætlað var.

Kostnaður við orku varð um 2,6 m.kr. hærri en áætlað var vegna rangrar tengingar iðnaðarmanna á orkumælum sem leiddi til hærri gjaldtaxta en ella. Unnið er að skoðun á málinu í samráði við Orkuveitu Reykjavíkur. Kostnaður við klór varð 760 þ.kr. hærri en áætlað var. Gestum fækkaði um 23.868 frá árinu 2004.

#### **I5040 - Árbæjarlaug**

Rekstrarniðurstaða Árbæjarlaugar varð 4.301.835 (4,6%) lægri en ráðstöfunarrámmi.

Tekjur urðu 10,3 m.kr. lægri en áætlað var. Launakostnaður varð 9,4 m.kr. lægri en áætlað var og almennur rekstrarkostnaður varð 5,3 m.kr. lægri en áætlað var.

Tekjuáætlun var of há og byggði á óraunhæfum forsendum eins og niðurstaðan sýnir. Gestum fækkað mest í Árbæjarlaug eða um 37.851 gest. Má meðal annars rekja það til opnunar nýrrar sundlaugar í Salahverfi í Kópavogi. Þegar fyrir lá að tekjuáætlun myndi ekki nást endurskipulagði forstöðumaður laugarinnar starfsmannahald til að ná launakostnaði niður. Einnig voru innkaup á aðföngum endurskipulögð sem skila sér í mun lægri tilkostnaði en annars. Forstöðumaðurinn telur að gengið hafi verið of nærri viðhaldi á búnaði og að ráðast verði í viðhald á árinu 2006 sem hætt var við á árinu 2005.

#### **I5050 - Grafarvogslaug**

Rekstrarniðurstaða Grafarvogslaugar varð 3.497.015 (4,9%) lægri en ráðstöfunarrámmi.

Tekjur urðu 3 m.kr. lægri en áætlað var. Almennur rekstrarkostnaður varð 5,8 m.kr. lægri en áætlað var.

Tekjur vegna aðgangseyris og veitingasölu eru 3,9 m.kr. lægri en áætlað var en tekjur vegna skólasunds eru um 1 m.kr. hærri en áætlað var. Fjöldi gesta er sá sami og árið 2005. Meginástæður frávika í almennum rekstrarkostnaði eru lægri orkukostnaður sem nemur um 2 m.kr., minni innkaupa í kjölfar minni veltu í veitingasölu 1,1 m.kr. og minna viðhald áhalda og tækjabúnaðar. Forstöðumaðurinn telur að gengið hafi verið of nærri viðhaldi á búnaði og að ráðast verði í viðhald á árinu 2006 sem hætt var við á árinu 2005.

#### **I5022 – Íþróttahúsi Seljahverfi**

Rekstrarniðurstaða Íþróttahúss Seljahverfi varð 1.729.305 (7,0%) lægri en ráðstöfunarrámmi.

Hagræðing í mönnun vakta, rekstur hússins ásamt þriggja annarra mannvirkja falin einum forstöðumanni og frestun á endurnýjun lýsingar skilar afgangi.

